

**Ed.**

**658. Nefndarálit**

[23. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar 30. nóv. s. l. Má af því marka, að ekki hafi verið mikill áhugi hjá meiri hl. nefndarinnar, að málið næði fram að ganga á þessu þingi, enda ljóst frá upphafi, að frv. er einungis borið fram til þess að draga athygli manna frá þeim misgerðum, sem þeir menn, er hér á nú að vernda, voru beittir, er hæli það, sem búið var að koma upp fyrir þá í Kaldaðarnesi, var afhent fyrir lítinn pening til annarra, eins og kunnugt er. Málið hefur þó verið tekið fyrir og rætt á flestum þeim fundum, sem haldnir hafa verið í nefndinni síðan hún fékk það til athugunar, þó aldrei leitað umsagna neinna aðila um málið eða þeir kvaddir til viðræðna, nema hvað þeir tveir læknar, sem mestan þáttinn hafa átt í því, að starfrækslan í Kaldaðarnesi var lögð niður, voru kvaddir til viðtals við nefndina á einn fund. Þann 11. febr. voru lagðar fram af tveimur nefndarmönnum (HV og GJ) mjög veigamiklar breytingartillögur við frv. Hefur meiri hl. (PZ, HV, LJóh og BrB) fallizt á að leggja til, að frv. verði breytt í það horf í meginatriðum, sem gert var ráð fyrir í tillögum HV, og hefur þegar gefið út um það sérstakt nefndarálit. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

1. Samkvæmt fyrstu þremur greinum frumvarpsins, sem meiri hl. vill að haldist óbreyttar, er gert ráð fyrir því, að farið sé með ölvaða og drykkjusjúka menn eins og afbrotamenn og fanga og þeim látin í té viðeigandi aðhlyning, eins og þeir væru slíkir þegar þjóðfélagsins. Ég tel, að þetta sé allt í senn, skaðlegt, rangt og ómannúðlegt, og sé algerlega ósamboðið nútímamenningu Íslendinga. Tel ég það grundvallaratriði fyrir þeim árangri, sem hugsað er að ná með frv., að þetta ákvæði frv. verði fellt niður og að upp verði tekin sú stefna, sem mörkuð er í mínum tillögum, að frá fyrstu byrjun séu þessir menn skoðaðir sem sjúklingar og öll meðferð á þeim miðuð við það. Framkoma ýmissa lögregluþjóna við marga þá menn, sem eru á byrjunarstigi til ofdrykkju, er slík, að hreinni undrun sætir, að það skuli látið óátalið eða yfirleitt þolað, og verður aldrei vitað, hve margir unglingar, sem sæta slíkri meðferð á fyrsta stigi, halda áfram á þessari braut beinlínis vegna slíkrar framkomu manna, sem hér eiga að vernda og hjálpa og sýna fullan skilning á mannlegum veikleika, í stað þess að hegna með ómannúðlegri meðferð, þegar mest liggur við.
2. Samkv. 4. gr. frv. er ætlazt til þess, að sveitarfélögin beri að verulegu leyti kostnað við framkvæmd laganna. Á þetta get ég ekki fallizt, heldur tel ég, að ríkissjóður eigi einn að bera kostnaðinn að öllu leyti, enda hefur hann tekjurnar af vinsölu. Í brtt. meiri hl. er að vísu gert ráð fyrir, að þátttaka ríkissjóðs verði meiri en gert er ráð fyrir í frv., og er það til bóta, þótt ég álíti, að það sé ekki eins og vera ber.
3. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að mál þessi verði framvegis í höndum geðveikilæknisins á Kleppi og gæzluhælið rekið í sambandi við geðveikrahælið. Eins og að framan greinir, hefur þáttur þeirra manna, sem þar ráða, verið slíkur, að ég treysti þeim allra manna sízt til þess að hafa nokkur áhrif til bóta í þessu máli, og tel það heinan háska fyrir nauðsynlegar umbætur, að þeir aðilar hafi hér af nokkur afskipti. Benda brtt. meiri hl. til þess, að hann líti sömu augum á þetta, því að hann telur það einnig óráð, að málunum sé þannig skipað, að þessi hæli séu undir sameiginlegri yfirstjórn. Ég tel þó, að þetta sé ekki tryggt með þeim breytingum, sem þeir leggja til, að gerðar verði, því að vissulega getur ráðherra alveg jafnt falið þeim mönnum stjórn gæzluheimilanna, þótt slíkar orðabreytingar séu gerðar á greininni.
4. Samkv. 15. gr. frv. er ætlazt til, að í næstu 6 ár verði hálfri annarri milljón króna varið af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins til þess að standa undir framkvæmd laganna. Nú er ljóst, að engar ráðstafanir hafa verið gerðar af ríkisstjórninni til þess að þessi fyrsta greiðsla sé dregin frá áfengiságóða ríkisins á þ. á., þótt fjárlög séu í þann veg að ná samþykki í þinginu. Sýnir þetta ljósast, að ráðherra hefur aldrei ætlazt til þess, að málið yrði afgreitt á þessu þingi. Auk þess er ljóst, að þetta ákvæði tryggir á engan hátt betur fjárframlög til þessarar stofnunar heldur en ákvæði um framlög beint úr ríkissjóði, en hefur hins vegar á sér ákaflega leiðinlegan og óviðkunnanlegan blæ. Jafnframt má og benda á, að mjög margir þingmenn vilja láta takmarka mjög áfengissölu og helst að afnema hana með öllu, og rýrist þá tekjuvonin því meir sem salan minnkar og bregzt að fullu, ef henni er hætt, eins og mjög verulega er barizt fyrir af fjölda manna. Sýnist því rétt, að þegar sé ákveðið, að gjöldin verði jafnan greidd beint úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Með tilvísun til þessa hefur mér þótt rétt að gerbreyta frv. og legg því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Menn þá, konur sem karla, sem ölvaðir eru á almannafæri, á samkomustöðum eða á heimilum og raska ró manna, gera árásir á aðra eða valda

óspektum með drykkjulátum, skal flytja í sjúkrahús, sem hefur tók á að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Það er borgaraleg skylda að aðstoða við slíka flutninga.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ölvuðum mönnum, sem sæta meðferð samkv. 1. gr., skal hjúkra eins og hverjum öðrum sjúklingum, þar til af þeim er runnið, varðar það sektum, nema þyngri refsing liggji við, að misþyrma þeim á einn eða annan hátt.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Læknir sá, sem hefur yfirumsjón með áfengissjúklingum samkv. 8. gr., skal svo fljótt sem verða má rannsaka heilsufar manna, sem sæta meðferð samkv. 1. gr. Strax að lokinni rannsókn skal hann úrskurða:

- a. Hvort sjúklingi skuli leyfð brottför úr sjúkrahúsinu þegar í stað.
- b. Hvort sjúklingi skuli haldið í sjúkrahúsinu og framkvæmdar á honum tilraunir, er verki gegn áfengislöngun, og hve lengi sú tilraun skuli gerð.
- c. Hvort sjúklingur skuli fluttur á lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, á vistheimili drykkjusjúkra manna eða á geðveikrahæli.

Verði því eigi við komið, að áfengislæknir rannsaki sjúklinginn og úrskurði ástand hans, skal þetta gert af yfirlækni þess sjúkrahúss, sem sjúklingurinn var fluttur á. Þeim úrskurði má þó áfrýja til áfengislæknis, sem þá framkvæmir á ný rannsókn og fellir úrskurð um sjúklinginn að henni lokinni samkv. ákvæðum þessarar greinar.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Aðili, sem ekki vill hlíta úrskurði læknis, sem felldur er samkv. 3. gr., getur áfrýjað honum til nefndar samkv. 2. mgr. þessarar greinar, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Hins vegar getur aðili krafizt raunsóknar á ný, ef veruleg breyting verður á heilsufari hans.

Ráðherra skipar 3 manna nefnd til þess að dæma um úrskurði, sem áfrýjað hefur verið samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Skal nefndin skipuð einum lækni með sérþekkingu á drykkjusýki, einum sálfræðingi og einum dómara, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin getur, ef nauðsynlegt er, leitað álits fleiri lækna, áður en hún fellir endanlegan úrskurð. Aðila skal heimilt að koma við vörn, áður en slíkur úrskurður er endanlega felldur. Eigi má draga lengur en 14 daga að fella úrskurð, sem skotið hefur verið þannig til nefndarinnar.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. gr. skal greiða úr ríkissjóði. Þó skulu þeir, sem sleppt er úr sjúkrahúsi þegar að lokinni rannsókn, sbr. 1. tölulið 3. gr., greiða að fullu allan kostnað við flutning, sjúkravist og rannsókn.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar sérstakan lækni, sem hefur yfirumsjón með öllum áfengissjúklingum og úrskurðar ástand þeirra, sbr. I. kafla þessara laga. Hann skal einnig hafa yfirumsjón með lækningahælum og vistheimilum drykkjusjúkra manna. Skal læknir sá, sem skipaður er, hafa sérþekkingu á drykkjusýki og þeim lækningaaðferðum, sem vitað er, að notaðar eru með góðum árangri við slíka sjúklinga. Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og taka laun samkvæmt V. flokki launalaganna. Ráðherra skipar einnig, að fengnum tillögum áfengislæknis, lækna, hjúkrunarlið, forstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á á hverjum tíma við þau lækningahæli og vistheimili, er ríkissjóður kann að reisa og reka, sbr. 9. gr. þessara laga.

7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka vistheimili fyrir drykkjusjúka menn. Skal staðurinn valinn sérstaklega með tilliti til þess, að unnt sé að reka þar

fjölbreytta framleiðslu, svo að hverjum vistmanni gefist kostur á að starfa eftir því, sem heilsa hans og hæfileikar leyfa.

Í sambandi við vistheimilið, eða sérstaklega ef það þykir betur henta að dómi áfengislæknis, skal reisa og reka lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, sem vænta má, að bata geti fengið með sérlæknishjúkrun, og ekki talið, að megi dvelja á vistheimilum.

8. Við 9. gr. (sem verður 10. gr.). Greinin orðist svo:

Á vistheimili samkv. 1. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölul. 3. gr. þessara laga. Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga. Á lækningahæli samkv. 2. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölul. 3. gr. þessara laga. Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga.

9. Við 10. gr. Greinin falli niður.

10. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Áfengislæknir ákveður vinnuskyldu vistmanna og sjúklinga eftir því, sem hann telur heppilegast fyrir heilsu þeirra og líðan. Vinni vistmaður eða sjúklingur meira en 18 st. að meðaltali á viku, skulu honum greidd full laun, miðað við venjuleg verkamannalaun, fyrir hverja fulla vinnustund, sem fram yfir er.

11. Við 12. gr. Í stað orðanna „í gæzlu“ í meginmálsgr. komi: á vistheimili eða á lækningahæli.

12. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður af meðferð vistmanna og sjúklinga samkv. 8.—11. gr. greiðist úr ríkissjóði.

13. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra setur nánari reglur um rekstur vistheimila og lækningahæla samkv. lögum þessum og annað, er snertir framkvæmd þeirra.

14. Við 15. gr.

a. Kaflaskipti og fyrirsögn falli niður.

b. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 30. des. 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði þessara laga.

15. Við 16. gr.

a. Kaflaskipti og fyrirsögn falli niður.

b. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 7. maí 1949.

Gisli Jónsson.